

185

12. des.

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 0.6%.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákveður vatnsveitan skattinn.

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, annað hvort samkvæmt mæli, með 120 aurum fyrir hvern teningsmetra, eða þá skal vatnsveitan ákveða aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5—7 m<sup>3</sup> mælir kr. 300.00.  
10—20 — — — 450.00.  
50—80 — — — 750.00.

Leiga fyrir vatnsmæla:

5—7 m<sup>3</sup> mælir kr. 20.00 á mánuði.  
10—20 — — — 25.00 — —  
50—80 — — — 60.00 — —

Gjald fyrir enduroppun heimæðar kr. 100.00.

Gjald fyrir vatn, sem selt er til skipa, er kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra og greiðist við afhendingu.

Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu, er afhendingarmanni heimilt að taka sérstaka þóknun vegna þeirrar afgreiðslu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.*

Hannibal Valdimarsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

186

15. des.

## R E G L U G E R Ð

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 47 8. apríl 1949, sbr. reglugerð nr. 9 14. jan. 1953 og nr. 22 17. febr. 1955.

1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 33. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

2. gr.

Vitagjald, samkvæmt 34. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 35.—36. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

## 4. gr.

Hafnsögugjöld, samkvæmt 41. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

186

15. des.

## 5. gr.

Vörugjöld, samkvæmt 47. og 48. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%, með þeirri undantekningu, að vörugjöld af benzini, steinolíu og eldsneytisólíum hækkar um 25%.

## 6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1958.*

**Eysteinn Jónsson.**

Páll Pálmason.

## REGLUGERÐ

187

15. des.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 245 29. nóv. 1950, sbr. reglugerð nr. 123 12. júní 1953.

## 1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 50. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

## 2. gr.

Vitagjald, samkvæmt 51. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

## 3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 52. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

## 4. gr.

Hafnsögugjald, samkvæmt 57. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

## 5. gr.

Vörugjöld, samkvæmt 64. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%, með þeirri undantekningu, að vörugjald af benzini, steinolíu og eldsneytisólíum hækkar um 25%, en vörugjald af sementi lækkar um 50%, úr kr. 1.20 fyrir hver 100 kg í 60 aura fyrir hver 100 kg.

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1958.*

**Eysteinn Jónsson.**

Brynjólfr Ingólfsson.